

OLÍUHREINSISTÖÐ Í ARNARFIRÐI?

FOR TRANSLATION
ASK A LOCAL

Hvesta í Arnarfirði. Þar eru áform um að reisa oliuhreinsistöð, með tilheyrandi mengun.
Ljósmynd: Mats Wibe Lund.



VILLIMEY

Áhugi Aðalbjargar Þorsteinsdóttur á jurtum og áhrifamætti þeirra má rekja til nálægðina við stórbrotna náttúru Vestfjarða, en þar hafa grasalæknar starfað í gegnum aldirnar og viska þeirra borist kynslóð frá kynslóð.

Aðalbjörg rekur fyrirtækið Villimey á Tálknafirði þar sem þróun og framleiðsla fer fram á smyrslum, salva og áburði úr plöntum sem eru tíndar við Tálknafjörð, Patreksfjörð og Arnarfjörð. Einungis er valdar villtar jurtir sem vaxa í næringarríkum jarðvegi, fá hreint loft og tært vatn. Það segir sig sjálf að Oliuhreinsistöð við Arnarfjörð myndi gera útum starfsemi Villimeyjar. “Já, það verður bara mengun hérna ef oliuhreinsistöðin kemur, mér finnst þetta óhugnalegt og eiginlega algjört skaðræði. Það eru ekki margir sem þora að segja að þeir séu á móti og í svona litlu samfélagi finn ég fyrir því að vera á móti þessu, fólk sér ekki hvað þetta er skelfilegt. Eg veit ekki hvað þarf til að opna augu þeirra sem vilja þetta.”

Hreint svæði

Smryslin eru 100% náttúruleg, lífrænt vottuð, unnin úr íslenskum jurtum sem eru handtýndar í hreinni náttúru. Þau eru án allra rotvarna-, ilm- og litarefna. “Það skip-tir öllu máli að halda svæðinu hreinu. Eg er með 8.000 ferkílómetra af lífrænt vottuðu landsvæði. Þetta er stærsta

svæði á Íslandi sem er lífrænt vottað. Varan mín er öll lífræn því allir grunnar eru lífrænt vottaðir líka. Vottunarstofan Tún kemur hingað reglulega og tekur út framleiðsluna og landsvæðið. Það segir sig sjálf að varan missir ímynd sína, sem og svæðið allt og ég tel að ekki verði hægt að vera með lífræna vottun á Vestfjörðum komi oliuhreinsistöð hingað. Allt svæðið mun mengast og sjórin líka og það þykir mér ekki minna mengunarslys en á landsvæðinu.”



villimey.is

LÁTRABJARG

Í sveitarfélagi Vesturbyggðar eru tillögur um að gera svæðið í kringum Látrabjarg, sem er friðað, að þjóðgarði. Það rímar engan veginn við áform um oliuhreinsistöð í sama sveitarfélagi, en myndi skapa atvinnu tengda ferðamennsku. Látrabjarg eru stórkostleg fuglabjörg, hin mestu við Norður-Atlantshaf og vel grónar bjargbrúnir og heiðar. Bæjarvaðall og Rauðisandur er viðáttumiklar, rauðleitar skeljasandsfjörur og árlón með fjölbreyttu dýralífi. Mikið af sel er á Rauðasandi. Í Látrabjargi er stærsta álkubýggð í heimi og þar nær lundi líklega alþjóðlegum verndarviðmiðum. Á svæðinu hafa orpið yfir 45 tegundir fugla.



Ljósmynd: Mats Wibe Lund.

„SKELFILEGT HVERNIG ÞJÓÐIN HUGSAR“

Íslenskur hátækniöndur hefur áform um að koma upp oliuhreinsistöð í Arnarfirði á Vestfjörðum. Hvorki Umhverfisráðuneytið né Iðnaðarráðuneytið geta tjáð sig um málið því það hefur ekki komið formlega inn á borð til þeirra. Oliuhreinsistöðinni hefur samt verið fundinn staðurinn Hvesta í Arnarfirði.

Jón Björnsson, starfsmaður Umhverfisstofnunar á Vestfjörðum, er ekki sammála þessum áformum. “Það er skelfilegt hvernig þjóðin hugsar. Við erum til dæmis eina þjóðin í heiminum sem hefur engar áhyggjur af hnattærni hlýnun. Það þarf að vekja þjóðina til umhugsunar. Eg vill ekki trúa því að þessi oliuhreinsistöð verði að veruleika. Það sem hefur verið að stoppa fyrirtæki af annars staðar í heiminum er losun á gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið, og þess vegna hefur orkufrekur iðnaður verið að færast til Íslands því við bjóðum upp á það fritt. Andrúmsloftið er auðlind. Á Vestfjörðum er eitt besta andrúmsloftið í heimi, en svo eru áform um að bjóða oliuhreinsistöð að þurfa ekki að borga fyrir losun á koltvísyringi. Við erum svo langt á eftir heiminum í umhverfisvernd.”

Heildarmyndin

Jón heldur því fram að fólk nenni ekki að spá í heildarmyndina og hvað við erum með stór vistkerfi. “Öll virkjun er mjög viðkvæm á Vestfjörðum. Við tökum áhættu með

öll vistkerfi með því að setja oliuhreinsistöð á svæðið. Því norðar sem mengandi stóriðja er því viðkvæmari fyrir vistkerfið er hún. Vistkerfin á norðurhveli jarðar eru miklu viðkvæmari. Það sem tekur upp koltvísyring í andrúmsloftinu er gróður og því er miklu meiri virkni í upptöku koltvísyrings á suðurhveli jarðar. Í Arnarfirði eru um 150 tegundir af háplöntum, svona vistkerfi er mjög óstöðugt og viðkvæmt fyrir mengun. Hér hafa verið auðug fiskimið og nú er aftur komin rækja í Arnarfjörð. Við erum með bestu loftgæði í heimi og gott neysluvatn. Þeir sem búa í þessu landi verða að gera sér grein fyrir því. Íslendingar verða að skilja að hreint loft og hreint vatn eru helstu lífsgæði í heiminum og við megum ekki fórn þeim.”

Sagan

Jón talar um að Íslendingar séu fastir í að vilja ekki skoða söguna og fólk er ekki tilbúið að hlusta á rökin. “Ástæðan fyrir því að Hornstrandir fóru í eyði er af því að þar var byggð hvalveiðiverksmiðja sem breyttist í sildarverksmiðju 1923 en þegar hún lagðist af fór byggðin í eyði. Stöðugleikinn í samfélaginu fór allur í eina verksmiðju og þegar hún lokaði þá var ekkert annað. Sama gæti gerst í Arnarfirði ef byggð er ein stór verksmiðja og ef hún lokar, hvað þá? Ísfirðingar vildu Hornstrandarfriðlandið, það skilar engum tekjum en skipti Ísfirðinga miklu máli bara að hafa þær friðaðar. Það er stundum eins og Íslendingar sjái ekki verðmæti nema þau fari beint í veskið. Það þarf að breyta



Arnarfjörður. Ljósmynd: Mats Wibe Lund.

þeirri hugsun. Á Ísafirði hefur til dæmis orðið breyting á samfélaginu, það er meiri flóra núna og fleiri störf fyrir menntaða einstaklinga. Það gerist ef hlutirnir fá að þróast í friði. Ef það er ekki komið með eina stóra lausn, eitt stórt verkefni, einn stóran togara, eða eina stóra verksmiðju. Ef það er látið í friði þá getur stöðugleiki mótast í samfélaginu á tíu árum.”